

Ár 2007, fimmtudaginn 27. desember, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands kærumál nr. 8/2007

Kærandi er Handknattleiksdeild Stjórnunnar. Kærðu eru handkn.deild Fram og HSÍ vegna eftirlits, framkvæmdar og dómgæslu á leik Fram og Stjórnunnar í mfl. kvenna á Íslandsmóti sem leikinn var þann 6. des. 2007.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dags. er 7. des. 2007, móttekin þann sama dag á skrifstofu HSÍ kl. 18:30.

Málið var tekið fyrir af dómstól HSÍ og þingfest fimmtudaginn 20. des. 2007 og var úthlutað undirrituðum til úrlausnar eftir að dómsformaður, Jóhannes A. Sævarsson, mat málið tækt til meðferðar með vísan til 5. og 6. greinar laga um dómstól HSÍ, sbr. 2. tl. 7. grein.

Skv. efni kærunnar kærir Hkn.deild Stjórnunnar (Stjarnan) Hkn. deild Fram (Fram) og HSÍ.

Kæruefnið er eftirlit, framkvæmd og dómgæsla á leik Fram og Stjórnunnar sem leikinn var þann 6. des. sl.

Kærandi gerir þá kröfu að úrslit leiksins verði dæmd ógild og að leikurinn fari fram að nýju á hlutlausum velli. Einnig að dómara leiksins verði sviptir dómara réttindum.

Í kærinni er lýsing helstu málavaxta.

Í kærinni er vísað til þess að greinar 2.1.16, 2.1.17 og 2.1.18 í lögum HSÍ hafi verið brotnar. Einnig er vísað til þess að almenn lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið brotin við framkvæmd leiksins.

Niðurstaða:

Skv. lögum HSÍ, grein 2.2.1.2. segir að öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, boltastærð eða annað viðvíðkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara leiksins fyrir leikinn af fararstjórn eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrott. Þá segir í grein 2.2.1.4 að mótsstjórn skeri úr um varðandi framkvæmd móts eða einstakra leikja.

Þau lög sem Stjarnar vísar til að brotin hafi verið, þ.e. greinar 2.1.16, 2.1.17 og 2.1.18 í lögum HSÍ, tilheyrja framkvæmd leiks, og eiga því ekki undir dómstól HSÍ, heldur undir mótsstjórn með vísan til greinar 2.2.1.4.

Hvað varðar tilvísun Stjórnunnar til almennra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, almenn lög 96/2000, telur dómurinn sig ekki bærán til að fjalla um tengsl þeirra laga við lög HSÍ á einn eða neinn hátt. Ljóst er að Fram getur aldrei orðið aðili að slíku máli, en telji Stjarnan að almenn lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla stangist á við lög HSÍ, þá á slíkt mál undir almenna dómstóla, en ekki undir dómstól HSÍ.

Þá hefur dómstóll HSÍ enga heimild til að svipta dómara dómara réttindum, eins og gerð er krafa til í kærinni.

Dómstóll HSÍ telur því að ekkert í efni kærinnar eigi undir dómstól HSÍ.

Þá vill dómstóll HSÍ beina þeim tilmælum almennt til aðildarfélaganna að kærur séu settar fram á hlutlægan hátt. Kærur til dómstóls HSÍ eru ekki til þess fallnar að vera með ummæli um einstaka aðila eða önnur félög sem eru ósönnuð. Kærur skulu því settar fram á hlutlausan hátt. Kæra Stjórnunnar í máli þessu er háð þessum annmörkum.

DÓMSORÐ:

Mál þetta á ekki undir dómstól HSÍ.

sign

Smári Hilmarsson